

dómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Orðin: »að hann skuli taka svona óþverra upp í blað sitt« í greininni »Bréf frá Hornströndum« í umgetnu tölublaði »Vestra« eiga dauð og ómerk að vera, og ber stefnda Kristjáni H. Jónssyni að greiða í sekt til landssjóðs 20 krónur, en sæti 5 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um ómerking á nokkrum ummælum í 51. tölublaði »Þjóðviljans« 1901 og um málskostnað á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjanda Skúla Thoroddsen í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1903:

Skúli Thoroddsen  
gegn  
Kristjáni H. Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði ritstjóri bladsins »Þjóðviljinn« Skúli Thoroddsen gegn ábyrgðarmanni bladsins »Vestri« Kristjáni H. Jónssyni út

af ummælum, er hann telur meiðandi og móðgandi fyrir sig í 2 greinum »Þjóðviljinn og þingmálafundur Ísfríðinga« og »Sér grefur gróf þó grafi« í 26. tölubl. I. árg. Vestra, er út kom 3. maí f. á. Höfðaði stefndi þá gagnsök gegn áfrýjanda fyrir meiðandi og móðgandi ummæli um sig og blað sitt Vestra í grein með fyrirsögninni »Ekki hirtir! Ekki hirtir!« í 14. og 15. tölubl. Þjóðviljans 1902, er út kom 5. apríl f. á., og í brékkafli með yfirskrift: »Norður-Ísafjarðarsýslu, Álftafirði« í 3. tölubl. sama blaðs, sama árgangi, er út kom 21. jan. f. á. Málið var dæmt í gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar 14. júlí 1902 á þá leið, að báðir málsaðilar voru sýknaðir hvor af annars kröfum, og málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. jan. þ. á. og krafist þess, að stefndi verði látinn sæta ábyrgð laganna fyrir hin umstefndu orð, vottorð og brékkafli og þau dæmd dauð og ómerk, og að hann verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum dómum eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum.

Meiðyrði þau í fyrnefndum greinum í Vestra, er áfrýjandi hefir átalið, eru þessi: Í fyrri greininni: »Þessi skýrsla »Þjóðviljans« er skrifuð með vanalegri sannleiksást« »almeningur út um land er farinn að þekkja svo vel sannleiksást Þjóðv.,

að menn fara nærri um, hvað satt er í þeim fréttum, er hann flytur héðan úr sýslu«. »En það er þó eitt atriði í skýrslu þessari, sem þó líklega af vangá hefir orðið rétt«, »er vonandi að »Þjóðv.« ratist þar einu sinni satt orð af munni«. Í hinni síðartöldu grein Vestra eru þessi ummæli átalín: »Skúli nær ekki upp í nef sitt út af þessum »ó-sæmilegu getsökum« og gefur það í skyn með vanalegum kurteisiorðum!« »Bréf þessi . . . gefa fulla ástæðu til þess að ætla að Sk. Th. hafi einmitt haft þessi ummæli«, en þessi klausa á við bréf og vottorð, sem birt eru í greininni, og þar sem nafngreindir menn votta, að Skúli Thoroddsen hafi haft lík ummæli og Vestri hafði haldið fram, en Skúli eigi viljað kannast við, um það, hvernig hann og flokkur hans myndu greiða atkvæði í stjórnarskrármálinu, en áfrýjandi álitur að sér sé með orðunum í greininni borin opinberlega ósannindi á brýn. Þá er það og átalíð af áfrýjanda, er neðanmáls við greinina segir: »Vér treystumst því miður eigi til að gefa honum (þ: áfrýjanda) vottorð í þessa átt«, nefnil. að Ísfróðingar hafi ekki reynt hann að því óhreinlyndi, sem það væri, að láta uppi rangar yfirlýsingar um það, hvernig hann ætlaði að greiða atkvæði á þingi um stjórnarskrármálið.

Með því að stefndi hefir ekki gagnáfrýjað máli þessu af sinni hálfu og með því að meidyrði þau, er hann hefir átalíð í áðurnefndum »Þjóðvilja«greinum, ekki standa í því sambandi

við ummæli þau, er áfrýjandi kærir yfir, að komið geti til mála að jafna meiðyrðunum saman samkvæmt 221. gr. hegningarlaganna, þá er eigi þörf á að greina hér frá þeim ummælum, er stefndi átalði fyrir gestaréttinum.

Þar sem í annari hinni tilvitnuðu Vestra-grein er talað um sannleiksást Þjóðviljans, og gefið í skyn, að þar sé ekki hirt um að skýra satt frá, þá er það ærumeiðandi aðdróttun til ritstjórans, áfrýjandans, og með því að hún er ekki réttlætt af stefnda, verður hann að sæta lagaábyrgð fyrir hana. Í hinni Vestra-greininni í neðanmálsathugasemdinni verður og að álitast vera saknæm ærumeiðandi aðdróttun að áfrýjanda um óhreinvlyndi. En að öðru leyti virðast ummælin í greinum þessum ekki varða við lög, og sérstaklega skal það tekið fram, að það þarf ekki að vera aðdróttun um vísvitandi ósannsögli, þótt blaðið Vestri segist leggja meiri trúnað á vottorð annara nafngreindra manna en á orð áfrýjanda um ákveðið atriði.

Samkvæmt þessu verður að dæma stefnda til sektar fyrir framantalin meiðyrði, og þykir sektin hæfilega ákveðin samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 30 kr., er renni í landssjóð, og komi í stað hennar 7 daga einfalt fangelsi, ef hún eigi greiðist öll í tæka tíð; svo skulu og ummæli þau, er tahn hafa verið saknæm, dæmd dauð og ómerk. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Kristján H. Jónsson greiði 30 króna sekt í landssjóð eða sæti 7 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd á ákveðnum tíma. Framantalin meiðandi ummæli um áfrýjanda eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndi greiði áfrýjanda Skúla Thoroddsen í málskostnað 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 4/1903:

Skúli Thoroddsen  
gegn

Kristjáni H. Jónssyni.

#### D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði ritstjóri blaðsins »Þjóðviljinn«, Skúli Thoroddsen, gegn stefnda Kristjáni H. Jónssyni ábyrgðarmanni blaðsins »Vestra« út af ummælum í grein með yfirskriftinni »Stefnufesta hr. Sk. Th.« í síðarnefndu blaði, I. árg. 18. tölubl., er út kom 8. marz f. á. og er greinin undirskrifuð með nafni stefnda, en áfrýjandi taldi ýms ummæli greinarinnar meiðandi og móðgandi fyrir sig. Í annan stað höfðaði stefndi gagnsök gegn áfrýjanda út af meiðandi og móðgandi ummælum um sig og blað sitt Vestra í 4.